



Staðreyndablað: Lesferill

Hvað?

- Lesferill er matstæki sem unnið var af læsisteymi Menntamálastofnunar.
- Lesferill er til afnota fyrir alla grunnskóla þeim að kostnaðarlausu.
- Lesferli er ætlað að meta grunnþætti læsis s.s. lesfimi, lesskilning, ritun, orðaforða og málskilning.
- Lesferill samanstendur af fjórum prófum sem snúa að umskráningu og lestrartækni. Um er að ræða lesfimiþróf (grunnþróf) og síðan eru þrjú hliðarþróf sem meta þætti er allir tengjast eða hafa áhrif á lestrartæknina.
 - Hliðarþrófin eru: þróf í sjónrænum orðaforða, þróf í orðleysulestri og nefnuhraðþróf.
- Þrófin er hægt að nota í heild sinni eða eingöngu hluta þeirra og þá má hugsanlega að nota þau ásamt öðrum prófum sem kennarar kjósa að leggja fyrir.

Hvernig?

- Þrófin eru lögð fyrir nemendum í grunnskólum með stuðningi starfsfólks/kennara skólans.
- Aðgengi að þrófunum er rafrænt, þau eru vistuð inni í Skólagátt Menntamálastofnunar og geta kennarar nálgast þau þar til útprentunar. Þar er einnig hægt að nálgast einfaldan bækling með leiðbeiningum um fyrirlögn þrófanna en Menntamálastofnun heldur utan um þrófin.

Hvenær?

- Mælt er með því að þrófin séu lögð fyrir á eftirfarandi hátt:
 - Lesfimiþrófin fyrir alla nemendur reglulega í 1.-10. bekk (í september – janúar – maí).
 - Hliðarþrófin eftir þörfum til að skoða nánar hvernig lestrarfærni nemandans er háttað, hvar styrkleikar og hugsanlegar áskoranir liggja.
 - Gagnlegt er að:
 - leggja nefnuhraðþrófið fyrir alla nemendur í janúar í 1. bekk.
 - leggja þróf í sjónrænum orðaforða fyrir alla nemendur í 1.-3. bekk (í september – janúar – maí).
 - leggja orðleysuþrófin fyrir alla nemendur a.m.k. einu sinni á ári í 1.-3. bekk.

Nýting niðurstaðna

- Lesferil-þrófin eru ekki opinber gögn og verða niðurstöður þeirra ekki birtar opinberlega, nema á landsvísu. Upplýsingar um niðurstöður Lesferils má sjá á landsvísu [hér](#).
- Þrófin eru valfrjáls möguleiki til að efla skólastarf og eru fyrst og fremst hugsuð sem verkfæri fyrir viðkomandi skóla og kennara til að bæta kennslu og koma til móts við ólíkar þarfir nemenda.





Áherslur í Menntastefnu

- Hægt er að nota niðurstöður úr Lesferli sem einn mælikvarða í læsi þegar teknir eru saman mælikvarðar í mati á menntastefnu.

Tengiliður/stuðningur

- Nánari upplýsingar um Lesferil má lesa inn á heimasíðu Menntamála-stofunnar <https://mms.is/lesferill-2> og <https://mms.is/frettir/lesferill>
- Til að fá frekari upplýsingar er hægt að senda fyrirspurn til Menntamálastofunnar; skolagatt@mms.is eða hringja í síma 5147500

